

# STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 2003

---

16. júní 2003

1433

Nr. 443

## AUGLÝSING

### um framlengingu banns við innflutningi frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

#### 1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá belgískum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu Avian Influensu í Belgíu, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur ekki greinst á Íslandi, er bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Belgíu sem sett var með auglýsingu nr. 313/2003, sbr. og auglýsingu nr. 338/2003 framlengt til mánudagsins 21. júlí 2003.

Jafnframt er framlengt til 21. júlí 2003 bann við innflutningi á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi sem sett var með auglýsingu nr. 167/2003, sbr. og auglýsingu nr. 267/2003 og bann við sams konar innflutningi frá Þýskalandi sem sett var með auglýsingu nr. 338/2003.

#### 2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 21. júlí 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júní 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Sigríður Norðmann.*